

BJÖRG / ÖRVAR JÓN / AXEL VALGARÐUR

Kjarvalsstöðum, Miklatúni

Reykjavík

dagana

26. sept.

-11. okt.

1987



BJÖRG ÖRVAR, F. 1953.

Hringbraut 107, 107 Reykjavík, sími 19151/17873

Nám: Myndlista og handíðaskóli Íslands, 1975-79.

Listadeild Kaliforníuháskóla, Davis, USA, 1981-83.

Einkasýningar: Basement Gallery, Davis, 1983. Gallerí Borg 1984. Nýlistasafnið 1985. Gallerí Slunkaríki, Ísafirði, 1986.

Samsýningar á Íslandi, í Bandaríkjunum og Austur-Pýskalandi.

Við fyrstu sýn virðast málverk Bjargar Örvar skilgetin afkvæmi expressjónismans. En nánari skoðun leiðir í ljós sérstæða togstreitu milli ytra borðs þeirra og hins innra, togstreitu sem gefur verkunum þróttmikið og um leið berskjaldar yfirbragð.

Ytra bord þessara verka, ör teikning, uppþenntir litir, óskipuleg myndskipun, krefst tilfinningalegrar hlutdeilda okkar, meðan sjálft mynd-málið, formin á fletinum, fer undan í flæmingi. Ekkert er sem sýnist. Sérhver tilraun til auðkenningar formanna og þar með til "skilnings" á heildinni, fellur um sjálfa sig með hið sama. En þar hefnist okkur fyrir tilætlunar semina. Við eigm erfitt með að sætta okkur við sköpunarverk sem ekki eru „annaðhvort-eða“, heldur „hvorttveggja“. Eða þá „næustum“.. Stærðfraeðingurinn Evklíð reyndi að draga upp myndir af hugsuninni. Ég held að á sinn hátt sé Björg að reyna að gera slíkt hið sama í málverkum sínum. Skeytir hún þá ekki um hvort útkoman er í takt við viðurkenndar hugmyndir um „fegurð“. En verði „fegurðin“ ofan á í vinnslunni, tekur hún henni feginn hendi. Hún leitast við að fanga ýmislegt það sem hugurinn veltir upp frá augnabliki til augnablikis, hafa hendur á því sem gerist þegar skynjun mætir vitneskju, komast nærrí merkingu hlutanna í myndrænu formi, áður en við gefum þeim merkingu í orðum. Áður en „kosmos“ verður „logos“. Við sjáum fjöll í myndum hennar en stöndum orðlaus andspænis þeim, mannsandlit sem ekki eru mannleg í viðteknum skilningi, sýnir sem við köllum einhverju öðru nafni. En allt eru þetta fyrirbæri sem sækja á undirvitundina (und vitundarinnar?), láta hana ekki í friði,



FIÓRÐI FYRIRBODI, olía á striga, 1987, 180 cm x 210 cm.

knýja hana til hreyfings. Málverk Bjargar eru ertandi í besta skilningi þess orðs. Öll táknumyndaleit i verkum hennar er því á ábyrgð leitandans. Sömuleiðis er tilgangslítið að setja samasemmerki milli atburðanna á striganum og tilfinninga listamannsins. Enginn er eins undrandi á ýgi og óþreyju þessara verka og Björg sjálf, þó tekur hún fulla ábyrgð á þeim.

Hingað til hefur Björg litið á hvern striga sem sjálfstæðan vettvang fyrir sitt frjóa hugarhvarfl. Á þessari sýningu breytir hún út af þeirri venju og lætur marga striga kallast á innbyrðis. Með því færir Björg sig enn nær hinni síkviku, margbreytilegu og margræðu vitund, landslaginu innra með okkur.

JÓN AXEL BJÖRNSSON, f. 1956.

Bræðraborgarstíg 5, 101 Reykjavík, sími 22685

Nám: Myndlista og handíðaskóli Íslands 1975-79.

Einkasýningar: Ásmundarsalur, 1982. Salurinn, 1985. Mokka, 1985. Gallerí Svart á hvítu, 1987. Gallerí Gangurinn, 1987. Samsýningar á Íslandi, í Svíþjóð og í Frakklandi.

Málverk Jóns Axels hafa til að bera sterkari nánd en flest annað sem gert er í nafni myndlistar á Íslandi í dag.

Áhrifamáttur þeirra liggar að hluta í beinskeyttri, jafnvel óbilgjarnri sviðsetningu atburðanna á striganum, að hluta í ríkulegri efniskennd sjálfss myndflatarins.

Málverk Jóns Axels fjalla um manneskjur á ögurstund eða ystu nöf,

þegar þær hafa misst allt nema vitundina um missi sinn. En við þær aðstæður er eins og þeim vaxi ásmegin rétt eins og persónu í verki Becketts sem segir: Eg get ekki meir. Ég get ekki meir. -Pá fyrst eru þær frjálsar. Frelsið gefur manneskjum Jóns Axels yfirnáttúrulega krafta. Þær fjölgja sér eins og amöbur, láta sér vaxa ný höfuð, tvær tungur, fleiri útlimi. Í þeirri mynd mæta þær sjónum okkar með þóttfullu yfirbragði frumstæðra skurðgoða. Allir gerningar þeirra bera með sér andrúm háskans. Í málverkum Jóns Axels er sérhver hræring eins og aðvörun. Atlot geta breyst í hatrømm átök, hold getur orðið að ösku, sjálfið gælir við sjálfseyðingu. Allt endurspeglar þetta tvíræð lífsviðhorf listamannsins, leit hans að andlegri og siðferðilegri handfestu í nútímalegri ringulreið.

Í þeirri leit hefur hugmyndin/goðsögnin um krossfestinguna sótt á Jón Axel í æ ríkara mæli. Ef grannt er skoðað kemur í ljós að hún er viðvarandi stef í myndum hans hin síðari ár. Stundum er hún eins og dauft minni í bakgrunni, annars staðar er Andrésarkrossinn í þungamiðju myndar. Það er einkennandi fyrir listamanninn, að hann skuli taka hinn praktíkska Andrésarkross fram yfir Rómverska



LEIKFANGA SMIDUR, olía á striga, 1987, 175 cm x 160 cm.

krossinn, upphafið, tákna hins eilífa lífs, því hann hefur minni áhuga á eilífu lífi en þeim krossfestingum, andlegum og líkamlegum, sem eiga sér stað í hinu jarðneska lífi um hinn gjörvalla „siðmenntaða“ heim.

Nýir skúlptúrar listamannsins eru rökrétt framhald og útvíkkun á því sem gerist í málverkum hans. Tvívíðir litfletir hafa breyst í voldug þvertré sem umlykja eða njörva niður leifar af mannkyni. Franz Kafka, sem lifði á ystu nöf, sagði eitt sinn að bók atti að nota eins og öxi, til að brjóta niður íshafið innra með okkur. Pessi lýsing gæti átt við verk Jóns Axels.

VALGARÐUR GUNNARSSON, f. 1952

Ásvallagötu 46, 101 Reykjavík, sími 19993

Nám: Myndlista og handíðaskóli Íslands, 1975-79.

Empire State College, New York, 1979-81.

Einkasýningar: Nýlistasafnið ,1982. Mokka, 1983. Gallerí Langbrók, 1985. Samsýningar á Íslandi, í Svíþjóð -m.a. þátttaka í farandsýningunni "Miklatún-Manhattan" á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar, 1986.

Valgarður Gunnarsson er stílistinn meðal ungra íslenskra listmálara, sem þýðir meðal annars að honum er ekki sama hvernig hlutirnir eru settir fram - sem þýðir ekki að framsetningin skipti hann öllu máli.

Með því að fára í stílinn, í besta skilningi þess orðtaks, kemur Valgarður reglu á eigin vitund, sem hlýtur að vera keppikefli sérhvers listamanns ,og býður okkur um leið hlutdeild í skipulegri myndsýn. Sú myndssýn er okkur öllum opin, séum við á annað borð sjónmenntuð,þar sem hún er reist á viðteknum myndrænum eigindum, eigindum módernismans, til að mynda hugmyndinni um innbyrðis jafnvægi flata, um togstreitu forgrunns og bakgrunns, um samspil línu og massa. Valgarður gleymir því ekki heldur að mynd má vera gleðigjafi, augnakonfekt; þarf í raun og veru ekki aðra réttlætingu. Því er hann óhræddur við að bregða á leik, skreyta og bródera, jafnvel í bókstaflegri merkingu.

En myndir hans eru á tveimur hæðum, ef svo má segja og nóg að gaumgæfa hina módernísku jarðhæð, ef menn vilja ekki leggja allt of mikid á sig. Ofan og innan í henni er hins vegar hæð, sem við getum kallað póstmóderníska. Hún er að hluta hugarsmíð listamannsins, en mörkuð þeim þverstæðum sem lita tilveru nútímmamannsins. Sú tilvera er löngu orðin okkur óskiljanleg. Hún er hætt að lúta viðteknum lögmálum sögunnar, gengur þvert á alla hugmyndafræði, gengur ekki upp. Það sem við sjáum og vitneskja okkar um hið séða kemur ekki heim og saman. Firing er sein afleiðing þessarar óvissu. Það eina sem við getum gert er, eins og



NAFNLIAUST, olfa á striga, 1985, 41 cm x 30 cm.

Roland Barthes segir í „Mythologies“, að taka tilveruna eins og hún kemur fyrir og snúa henni yfir í skáldskap. Skáldskapur er, meðal annars, leit að endanlegri, óumbreytanlegri merkingu hlutanna. Með skáldskap má „sætta mann og veruleika, upplýsingu og skilning, hluti (objects) og þekkingu“.

Verk Valgarðs eru einmitt uppfull með slíkum sáttagerðum. Þar ganga í eina sæng saman hlutir og minningar um hluti, hið sagða og hið ósagða, hið mögulega og hið ómögulega. Þau sýna að árangurslaus leit getur verið partur af lífsnautninni og þar með partur af listinni.

Adalsteinn Ingólfsson.

Kjarvalssstaðir.
26.9 - 11.10, 1987

Björg Órvar.

1. Fyrsti fyrirboði, olía á striga, 1987
2. Fjórdi fyrirboði, "
3. Sjöundi fyrirboði, "
4. Fimmti fyrirboði, "
5. Annar fyrirboði, "
6. þriðji fyrirboði, "
7. Sjötti fyrirboði, "

Valgarður Gunnarsson.

1. Borð, olía á striga, 1987
2. Skýr, " 1985
3. Stjáni blái, olía á striga, 1987
- 4-8. Höfuð "
9. Windsokkur "
10. Svartur skýr "
11. Dansnúmer "
12. Bormenn Íslands "
13. Jeppi "
14. Lituð brjóst "
15. Skilabod frá guði, olía á striga 1987
16. Ávextir "
17. Eva, Gvass á pappír, 1986
18. Nafnlaust " 1987
19. Rauður kross, gvass á pappír, 1987
20. Portrett af vasa, " 1986
21. Tom Swift, olía á striga , 1987.

Jón Axel.

1. Nafnlaust, olía á striga , 1987
2. Venus á Landmannaleið, olía á striga 1987
3. Nafnlaust "
4. Sundmaður "
5. Andartaksþögn "
6. Til einkanota "
7. Staða "
8. Samsett þósa. "
9. Leikfangasmiður "
10. Skúlptúr I tré og plast 1987